

Ágæti fundarstjóri og aðrir gestir,

Ég vil byrja á því að þakka fyrir þetta boð og jafnframt þakka stjórn Varðbergs fyrir að standa fyrir þessum fundi - og því öflugra starfi og mikilvægu umræðu sem Varðberg hefur staðið fyrir og haft forystu um undanfarin ár.

Ég hef áður sagt að einn helsti kostur þess að starfa sem innanríkisráðherra sé að hitta á hverjum degi fjölda fólks sem er tilbúið að leggja mikið á sig til að tryggja öryggi okkar hinna – öryggi almennings. Ég veit að við erum öll sammála um það að öryggistilfinning er okkur mikilvæg.

Við viljum vera örugg á heimilum okkar og vinnustað, þegar við keyrum um vegi landsins og þegar við göngum um götur bæjarsins. Við viljum líka upplifa öryggi í samskiptum, hvort sem er við hvort annað eða hið opinbera.

Þessa öryggistilfinningu vil ég auka með mínu starfi í stjórnámálum. Það breytir því þó ekki að við getum öll látið til okkar taka. Það er hlutverk okkar allra að gera samfélagið betra og við getum öll sem einstaklingar beitt okkur á þágu þess.

Þess vegna er t.d. svo ánægjulegt að sjá hversu mikils traust löggæslustofnanir á borð við lögregluna og Landhelgisgæsluna njóta. Það er traust sem við sem samfélag þurfum á að halda og þurfum að viðhalda svo almenningur njóti þeirrar öryggistilfinningar sem svo miklu skiptir.

Þess vegna er ég svo stolt af því að framlag til löggæslu verði aukið um 500 milljónir í fjárlagafrumvarpi næsta árs. Hér er um viðvarandi viðbótarfjármagn að ræða, þ.e. það er ekki einungis hugsað til eins árs, heldur langframa. Ég tel mikilvægt að fjölga lögreglumönnum, hraða rannsóknum og styrkja lögregluna enn frekar í starfi sínu, t.d. með útbúnaði og tækjum en tilgangur alls þessa er sem fyrr segir að auka öryggi almennings.

Ég hef þegar skipað þverpólítíska þingnefnd sem mun forgangsraða fyrirnefndu fjármagni til lögreglunnar. Fyrir utan það að veita fjármagn til að efla löggæslu er einnig gert ráð fyrir sérstöku framlagi til þess að sporna gegn skipulagðri glæpastarfsemi, sérstöku framlagi til að standa undir öflugri landamæragæslu sem og auknu framlagi til rannsóknar á kynferðisbrotum, sérstaklega gagnvart börnum. Þá er einnig gert ráð fyrir 50 milljóna króna framlagi til þess að tryggja áframhaldandi veru lækna um borð í þyrlum Landhelgisgæslunnar.

Allt þættir sem skipta máli til að auka öryggi almennings.

Kæru gestir.

Líkt og heiti þessa ávarps míns hér í dag ber með sér – ætla ég að ræða um öryggi almennings og þann nýja skilning sem ég tel að við þurfum að leggja í öryggishugtakið - og þær nýju áskoranir sem við stöndum frammi fyrir til að tryggja almannaöryggi. Og ég ætla að ræða um þessa þætti út frá því sem tengist verkefnum mínum í innanríkisráðuneytinu – en það er einmitt hluti af þeirri nýju hugsun sem við þurfum að tileinka okkur í sambandi við öryggis- og varnarmál – að þau eru í nútímanum allt eins skilgreind sem innanríkismál en ekki að stærstu leyti sem utanríkismál – líkt og það var – sérstaklega á síðari hluta síðustu aldar.

Mig langar þess vegna hér í dag að ræða hvernig það verkefni sem tengist öryggi borgaranna snýr að mér í mínum verkefnum dags daglega - hvernig við tryggjum öryggi borgaranna gagnvart ógnum;

hvernig viðbragðskerfið er vel skipulagt, sveigjanlegt og samhæft svo unnt sé að bregðast við ólíkum aðstæðum vegna mismunandi ógna - staðbundinna sem hnattrænna.

Eins og ég sagði hér í upphafi þá viljum við flest upplifa öryggi og sá vilji birtist ekki bara í ósk um öryggi – heldur kröfunni um öryggi sem við ætlumst til að hið opinbera veiti.

Við gerum sem fyrr segir þá kröfu að geta ferðast um í samfélaginu – örugg – við gerum þá kröfu að geta dvalið á heimilum okkar – örugg – við gerum þá kröfu að geta ferðast á milli landa – örugg – og við gerum þá kröfu að vera varin þegar vá steðjar að og áætlun um öryggi sé til staðar þegar hættuástand skapast í okkar nánasta umhverfi eða samfélaginu.

En við gerum í heimi nýrrar tækni líka kröfu til þess að geta unnið í tölvunni okkar hvar og hvenær sem er – örugg – að geta talað í símann okkar hvar og hvenær sem er – örugg - og við ætlumst til þess að að vera ekki aðeins varin gegn sýnilegri ógn heldur einnig ósýnilegri og við krefjumst þess að persónulegt frelsi okkar sé varið gegn veruleika sem fyrir flest okkar er flókin, illskiljanlegur og klárlega ósnertanlegur.

Kæru gestir

Ein helsta áskorunin sem við stöndum frammi fyrir þegar við ætlum að skilgreina öryggi almennings lítur að þeirri þunnu línu sem orðin á milli varnarmála – þá í herfræðilegum skilningi – og borgaralegs öryggis. Öryggis- og varnarmál, í víðum skilningi, snúast þannig á degi hverjum um trausta innviði – vegi, fjarskipti, hafnir, flugvelli, löggæslu og almannavarnir svo eitthvað sé nefnt.

Við lifum ekki lengur á tímum þar sem Ísland er ósökkvandi flugmóðuskip Atlantshafsbandalagsins í köldu stríði við Sovétríkin. Okkur stafar ekki lengur hernaðarleg ógn í sama mæli og mörg okkar ólumst upp við fram til ársins 1991. Hins vegar stafar okkur ógn af nýrri tegund hryðjuverka, skipulagði glæpastarfsemi s.s. mansali, fíkniefnaviðskiptum og öðrum ofbeldisglæpum. Að sama skapi horfum við framan í þann raunveruleika að okkur stafar ógn af tölvuárásam - svo ekki sé minnst á umhverfisslys og náttúruhamfarir sem eru ekki veigaminni þættir þegar kemur að því að greina hættu á öryggi almennings.

Það sést á þessari stuttu upptalningu að áherslunar við varnir landsins eru aðrar en þær voru áður. Reyndar er rétt að taka fram í þessu samhengi að það sem okkur Íslendinga skortir, og hefur í raun alltaf skort, er að skilgreina okkar eigin varnarþörf og starfa eftir þeirri skilgreiningu. Fram til ársins 2006 létum við Bandaríkjamönnum þetta alfarið eftir en frá þeim tíma höfum við þó stigið stór skref til að auka viðbúnað á ýmsum sviðum til að tryggja enn frekar borgaralegt öryggi. Þó er rétt að taka fram að árið 2009 var gerð skýrsla um áhættumat fyrir Ísland en jafnvel á þeim tíma sem liðinn er síðan þá hefur margt breyst sem enn á eftir að taka tillit til.

Ágætu gestir.

Í byrjun yfirferðar minnar um áherslur á öryggismál þá vil ég í upphafi fjalla um það sem við getum kallað landfræðilegar varnir – að landið okkar sé öruggt að Landhelgisgæslan okkar sé öflug og að búnaður, samhæfing og viðbrögð sé ú samræmi við þá staðreynd að við erum stór eyja í stóru hafi.

Ég ætla ekki að fara yfir þær varnir í löngu máli – heldur staldra – í samræmi við heiti erindisins við þá stærstu áskorun sem við okkur blasir þar. Norðurslóðir, um möguleg verkefni okkar þar en ekki síður þá áskoranir sem við stöndum frammi fyrir vegna þeirra breytinga sem þar eru að eiga sér stað hér á landi sem og í nágrannalöndum okkar, t.d. á Grænlandi.

Hvað sem líður mögulegum viðskiptatækifærum á Íslandi vegna breytinga á Norðurslóðum, svo sem mögulegum umskipunarhöfnum eða annarri þjónustu við flutningaskip – þá liggur það alveg ljóst fyrir að við Íslendingar berum ábyrgð á gífurlega stóru hafsvæði í kringum landið og þá ábyrgð ætlum við að axla.

Á næstu misserum, það er á næstu mánuðum og árum, mun reyna á viðbragðsgetu okkar og þekkingu til bæði vöktunar og björgunar á hafinu í kringum okkur. Landhelgisgæslan á nú þegar í miklu samstarfi við nágrannaþjóðir okkar, þá helst Norðmenn og Dani, en ég vonast til að Gæslan stimpli sig enn frekar inn í samstarf þjóða á svæðinu.

Og verkefnin eru víðtæk. Þau snúast fyrst og fremst um vöktun og greiningu á svæðinu og við höfum nú þegar bæði getu og þekkingu til að sinna því. En björgunarbúnaður og viðbragðsgeta er ekki síður mikilvæg.

Fyrir í þessum mánuði vorum við minnt á mikilvægi þess að vera með öflugra viðbragðsgetu þegar eldur kom upp í flutningaskipinu Fernöndu. Þyrluáhöfn Gæslunnar vann enn eitt þrekvirkið þegar henni tókst að bjarga áhöfn skipsins og að sama skapi reyndi á áhöfn varðskipsins Þórs við eftirmál brunans. Þetta atvik minnir okkur þó á hversu stutt getur verið í alvarleg slys á hafi úti. Með aukinni skipaumferð, bæði flutningaskipa og farþegaskipa, aukast líkurnar á sambærilegum atburðum og því ber okkur skylda til að vera hér með viðbúnað og getu til að takast á við þær áskoranir. Hættan á alvarlegum umhverfisslysum er þarna skammt frá sem ætti jafnframt að vekja okkur til umhugsunar en um leið hvetja okkur til að huga enn frekar að því að auka hér viðbúnað.

Fyrir ríkisstjórninni liggur nú það verkefni að kanna möguleika þess að koma hér á fót alþjóðlegri björgunarmiðstöð. Ljóst er að meginþungi þess verkefnis er í höndum innanríkisráðherra og ég mun á næstu misserum láta gera frekari greiningu á hlutverki, viðbragðsgetu og ekki síður möguleikum Landhelgisgæslunnar vegna þessara verkefna í samstarfi við alþjóðastofnanir og grannríki.

Helstu hindranirnar í því að hafa hér á landi öflugra viðbragðsgetu eru annars vegar fjármagn og eftir tilvikum pólitískur vilji. Sem fyrr segir þá vinnur ríkisstjórnin að því að kanna þá möguleika sem í boði eru þannig að ekki vantar viljann, en við vitum að það kann að verða kostnaðarsamt að koma okkur upp öflugri vörnun og björgunartækjum. Ég þarf varla að rifja upp hér kostnaðinn sem fylgir því að kaupa og reka þyrlur, flugvélar og öflug varðskip að ónefndum öðrum tækjum og ekki síst mannskap. En sannleikurinn er þó sá að þó svo að við vonum að það kvikni aldrei í húsinu þá viljum við samt ekki loka slökkvistöðinni. Þess vegna þurfum við að huga markvisst að þessu. Öryggi á þessum slóðum mun auðvelda okkur að nýta þau tækifæri sem þarna eru til staðar. Sama hugsun þarf að ríkja í öllu því sem snýr að auknu öryggi.

Ágætu fundarmenn,

Að vissu leyti má líta svo á að hernaðarlegt öryggi landsins sé tryggt með varnarsamningi við Bandaríkin og veru okkar í NATO. Þess utan þá bendir sem fyrr segir ekkert til þess að okkur standi nein sérstök ógn af hernaði annarra ríkja eins og sakir standa.

Hins vegar þurfum við að einblína enn frekar á borgaralegt öryggi og það er annað atriði sem ég vil hér fjalla sérstaklega um. Fyrirnefnt fjárframlag til eflingu löggæslu er skref í þá átt að efla enn frekar borgaralegt öryggi en betur má ef duga skal.

Við þurfum líka, og í raun hef ég þegar látið hefja þá vinnu, að skilgreina enn betur hlutverk og verkefni lögreglunnar. Síðustu ár hafa einkaaðilar tekið að sér hlutverk við öryggisvöktun bygginga og það er ekki langt síðan einkaaðilar fóru að sinna skráningu tjónaskýrsla vegna minniháttar árekstra bifreiða. Þetta eru dæmi um atriði sem einhverjir aðrir en lögreglan getur sinnt – sem gefur lögreglunni þá um leið aukið svigrúm til að sinna öðrum og mögulega meir „áráðandi“ verkefnum ef þannig má að orði komast.

Síðustu ár höfum við í auknum mæli orðið vör við skipulagða glæpastarfsemi og eftir atvikum starfsemi erlendra glæpasamtaka hér á landi. Lögregluþyriföld hafa brugðist af krafti við þessari þróun og nú er unnið að sameiginlegu átaki til að sporna við skipulagðri glæpastarfsemi. Fyrir utan það sem kalla má hefðbundin afbrot, s.s. skipulögð innbrot, þá fylgir þessari starfsemi einnig innflutningur á fíkniefnum, vopnum auk mansals. Við erum ekki ein á báti enda er mansal í dag orðið einn af helstu þáttum í starfi alþjóðlegra glæpasamtaka. Rétt er að taka fram að mansal felur ekki eingöngu í sér flutning og sölu á konum og körlum - heldur einnig börnum, allt frá hvítvoðungum til barna á grunnskólaaldri og unglunga. Þetta er alvarleg þróun sem við þurfum – og ætlum - að bregðast við með öllum mögulegum ráðum.

Við eigum nú þegar í samstarfi við fjölmargar erlendar og alþjóðlegar löggæslustofnanir og erum meðal annars með fastan fulltrúa hjá Europol. Lögreglunni hefur á síðustu árum, m.a. í samstarfi við alþjóðlegar löggæslustofnanir, tekist að koma upp um fjölmörg mál sem skipulögð eru þvert á landamæri en með aðkomu eða þátttöku íslenskra ríkisborgara þannig að hér erum við að ná árangri. Nú er unnið að gerð áætlunar til næstu ára um örugga og skilvirka framkvæmd landamæraeftirlits og vörslu, m.a. til þess sporna við skipulagðri glæpastarfsemi og mansali en einnig til þess að tryggja eftirfylgni stjórnvalda með framkvæmd endurkomubanna og farbanna. Ríkislögreglustjóri hefur þegar unnið ítarlegt hættumat á styrkleikum og veikleikum í landamæravörslu að beiðni ráðuneytisins sem verður lagt til grundvallar aðgerðum stjórnvalda sem miða að því að tryggja örugg landamæri á komandi árum.

En þegar við ræðum það sem betur má fara og um þá þætti sem við viljum einbeita okkur að – þá megum við heldur ekki gleyma því sem vel er gert. Almannavarnir er ekki síst þá þáttur sem við þurfum að styrja enn frekar til að auka borgaralegt öryggi á Íslandi. Ég hef áður sagt að eitt helsta þjóðarstolt okkar Íslendinga eru þjörgunarsveitir landsins að ónefndum lögreglumönnum, slökkviliði og starfsmönnum Landhelgisgæslunnar. Við höfum á síðustu árum byggt upp öflugt almannavarnakerfi og það sýndi sig meðal annars í eldgosinu í Eyjafjallajökli vorið 2010 hversu skilvirkt það kerfi er. Forvarnir, þjálfun og kennsla eru þeir þættir sem vega hvað þyngst þegar hugað er að almannavörnum en auðvitað skiptir síðan mestu máli hvernig kerfin sem við notumst við virka þegar á reynir. Þar ætlum við að halda áfram frekari uppbyggingu.

En kæru gestir,

Ég hef nú fjallað um áskoranir og tækifæri á Norðurslóðum í samhengi við öryggismál landsins á hafi úti auk þess að fjalla um borgaralegt öryggi.

Þriðja atriði sem ég vildi sérstaklega fjalla um, enda vegur það þungt í öryggismálum þjóðarinnar og þungt í þeim verkefnum sem undir mig heyra sem innanríkisráðherra, er tölvuöryggi og hættan á tölvuárásum - því sem á ensku kallast cyber attacks.

Við höfum þegar séð árásir gerðar á tölvubúnað ríkisstjórna, t.d. í Eistlandi. Hjá NATO starfar nú sérstök deild sem hefur að gera með tölvuvörnir og ríki heims eru smátt og smátt að átta sig á mikilvægi þess að standa vörð um tölvu og upplýsingaöryggi.

Við Íslendingar getum ekki látið kíkinn á blinda augað þegar kemur að þessum málum og þurfum að vera í stakk búin til að standa vörð utan um þessi mál eins og önnur. Samhæfðar aðgerðir stjórnvalda, samstarf stjórnvalda og einkaaðila og aukin öryggisvitund almennings eru mikilvæg atriði til þess að ná árangur á þessu sviði.

Netöryggissveit Póst- og fjarskiptastofnunar hóf starfsemi sína á árinu 2012 en henni er ætlað að gegna hlutverki öryggis- og viðbragðshóps til verndar ómissandi upplýsingainnvíðum gegn netárásum og tekur þátt í og gegnir hlutverki tengiliðar íslenskra stjórnvalda í innlendu og alþjóðlegu samstarfi um viðbragðsvarnir vegna net- og upplýsingaöryggis. Markmiðið með starfsemi sveitarinnar er að fyrirbyggja og draga úr hættu á netárásum eins og kostur er og sporna við og lágmarka tjón á ómissandi upplýsingainnvíðum sem af slíku kann að hljóta. Uppbygging netöryggissveitarinnar hefur gengið vel og tekur hún nú virkan þátt í norrænu samstarfi á þessu sviði.

Þá skipaði ég í sumar starfshóp um víðtæka stefnumótun um net- og upplýsingaöryggi en þar eiga sæti fulltrúar frá innanríkisráðuneytinu, fyrrnefnd netöryggissveit Póst- og fjarskiptastofnunar, ríkislögreglustjóra og utanríkisráðuneytinu. Aðalverkefni hópsins er að móta langtímastefnu stjórnvalda um net- og upplýsingaöryggi. Hópurinn á að setja fram langtímastefnu fyrir tímabilið 2014-2025 og aðgerðaáætlun 2014-2017 en verkefnaáætlun hópsins miðar að því að hvoru tveggja verði tilbúið fyrir lok júní á næsta ári. Þá á hópurinn að hafa samráð um framkvæmd verkefna er falla undir viðfangsefni hópsins og sem eru tilgreind í framangreindum áætlunum og stofnanir sem eiga aðild í hópnum koma að.

En öryggi í net- og tölvuheimi snýr ekki eingöngu að því að vernda öryggi ríkisstofnana. Fjöldmörg fyrirtæki, t.d. fjármálastofnanir og stór hugbúnaðarfyrirtæki, hafa þegar stigið stór skref í því að auka tölvuöryggi sitt.

En þessar varnir snúast ekki síður og allt eins um öryggi einstaklinganna sjálfra – persónufrelsi og að öryggi almennings og þeim tækjum sem almenningur notar dags daglega, svo sem með tölvum og símum.

Ég átti í sumar samtal við dómsmálaráðherra Þýskalands sem sagði mér að þetta væri eitt stærsta málið þar í landi fyrir síðustu kosningar, spurningin um það hvort almenningi væri óhætt að nota umrædd tæki óttalaus.

Þar þurfum við að vera árvökul og tryggja öryggi almennings við notkun slíkra raftækja með fræðslu um. Það væri barnalegt að halda að helstu hakkarar heims séu bara krakkar að leika sér og „fikta“ í tölvunum heima hjá sér. Hér eru einnig á ferðinni þaulskipulagðir glæpamenn sem meta þær upplýsingar sem hægt er að nálgast með tölvuinnbrotum, eða hökkun eins og það er kallað, sem verðmæta söluvöru eða verkfæri við frekari glæpi. Þá er tilgangur slíkra glæpasamtaka oft á tíðum sá einn að valda skemmdum, usla og óöryggi.

Endurskoðunarfyrtækið KPMG hélt fyrir í þessum mánuði ráðstefnu þar sem bent var á veikleika í tölvuöryggi fyrirtækja hér á landi. Við munum á næstu árum sjá í auknum mæli kröfu um öryggisvottanir starfsmanna sem snúa að hugbúnaðar- og upplýsingatækni samhliða því sem fyrirtæki þurfa að auka enn frekar viðbúnað sinn vegna mögulegra tölvu innbrota eða þjófnaða.

Kæru gestir,

Það er ekki hægt að fjalla um tölvuöryggi án þess að minnst á nýleg dæmi um leka, en við þekkjum öll mál Wikileaks og nú síðast málefni Edward Snowden þar sem í báðum tilvikum gögnum um upplýsingaöflun Bandaríkjamanna hefur verið lekið til almennings.

Burtséð frá þeim veikleikum sem verða þess valdandi að hægt sé að stela gögnum í vörslu bandarískra ríkisstofnana og leka þeim til almennings, þá vekja þær upplýsingar sem þarna koma fram upp spurningar um öryggi almennings gagnvart ríkinu.

Ein af grunnskyldum ríkisins er að tryggja öryggi borgaranna. Það má þó ekki gera með þeim hætti að borgararnir séu ekki öryggir gagnvart ríkinu. Það má þó heyra á ummælum bandarískra stjórnvalda að ráðamenn þar telji að öryggisstofnanir sínar hafi gengið of langt í söfnun og skrásetningu gagna, m.a. með hlerunum og það er vonandi að þar verði mikil breyting á. Sú gagnrýni sem komið hefur fram á gagnasöfnun bandarískra yfirvalda er réttmæt og ég get tekið undir hana. Það sem er þó enn mikilvægara er að við viljum að fólk upplifi öryggi þegar það notar símann sinn eða tölvu, líka öryggi gagnvart opinberum aðilum sem og öðrum.

Kæru gestir,

Sem fyrr segir þá er hægt að skilgreina öryggi með margvíslegum hætti og við eigum að vera ófeimin við að endurskoða reglulega hvert hlutverk ríkisins í því samhengi.

En við þurfum líka að huga að persónuleg frelsi einstaklinga og stíga varlega til jarðar þegar hætta er á að vernd borgaranna sé farin að stangast á við persónulegt frelsi þeirra. Frelsið er eitt það mikilvægasta sem við eigum og það megum við aldrei láta af hendi. Ef við skipuleggjum okkur vel og vöndum okkur þá getum við tryggt öryggi almennings án þess að skerða frelsið og það á ekki síst við þegar kemur að notkun rafmagnstækja eins og áður var vikið að.

Fyrir utan það að njóta öruggra fjarskipta þá viljum við sem fyrr segir að innviðir landsins taki mið af öryggisþáttum. Það á líka við um vegakerfið en með viðhaldi, viðgerðum og eftir atvikum nýframkvæmdum þá gerum við samgöngur skilvirkari og um leið öruggari. Í raun gildir það sama með önnur samgöngumannvirki, s.s. hafni og flugvelli svo dæmi séu tekin.

En við tryggjum líka öryggi með því að hafa skilvirkt réttarkerfi. Nú þegar er hafinn undirbúningur að millidómsstigi en auk þess stefnum við að byggingu nýs fangelsis sem mun gagnast vel og tryggja aukið öryggi.

Hér hefur verið stiklað á stóru þar sem fjallað er um öryggi almennings og nýjar áskoranir sem við stöndum frammi fyrir. Við stöndum einnig frammi fyrir nýrri hugsun, síbreytilegum heimi og aukinni kröfu almennings um öryggi. Í lokin vil ég ítreka að við búum vel að því að eiga fjöldann allan af fólki sem vinnur að því að gera samfélagið betra og tryggja öryggi almennings. Það er á köflum vandasamt en við erum óhrædd við að takast á við flókin verkefni. Við viljum geta sofið róleg á nóttunni, við viljum geta sinnt okkar daglega lífi, notað þau tæki sem við notumst við dags daglega, gefið okkur tíma til að sinna okkar nánustu og upplifað öryggi á hverjum degi allan ársins hring. Það hugarfar er dýrmætt og það skulum við varðveita.

Takk fyrir.